

29. desember 2018 | Dans | 881 orð | 3 myndir

Danssýningar ársins

Nýr dansgagnrýnandi, **Nína Hjálmarsdóttir**, hóf að skrifa um allrahanda dans- og gjörningasýningar fyrir lesendur Morgunblaðsins á árinu. Nú undir lok árs hefur hún valið bestu sýningarnar sem hún gagnrýndi, skrifaði pistla um eða vill geta um við áramót.

Öldur eilífðarinnar

Crescendo í Tjarnarbíói ****-

Danshöfundur: Katrín Gunnarsdóttir. Dansarar: Heba Eir Kjeld, Snædís Lilja Ingadóttir og Védís Kjartansdóttir.

„Það er ferskur andvari fyrir sviðslistasenu að fá verk þar sem fegurð og blíða ríkir með list dansarans, og gott að sjá líkamlegan dans í svona ljóðrænni framsetningu. Kannski er það hin nýja róttækni að taka burt allt skraut og fara aftur í kjarnann, það virkar allavega vel hér. Crescendo er tregafullt, sætsúrt, einlægt, sárt og blítt – allur skalinn, eins og manneskjan.“

Að elska jörðina og eyðileggja hana

The Lover á Listahátíð í Reykjavík í Tjarnarbíói ****-

Dansari og danshöfundur: Bára Sigfúsdóttir.

„The Lover er sjónrænt dansverk, hugleiðing um samband manns og náttúru [...] Bára hefur þróað þennan einstaka hreyfistíl til að miðla hugmyndum sínum en það sem við sjáum er mjög opið fyrir túlkun áhorfandans.“

[Hún] er verulega spennandi danshöfundur sem kafar á dýptina og kann að skapa áleitinn verk sem krefjast þess að við tökum afstöðu.“

Um tilgang, kraft og ofbeldi

Verk nr. 1. Íslenski dansflokkurinn í Borgarleikhúsinu ****-

Eftir Steinunni Ketilsdóttur í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins. Frumsýnt á alþjóðlegu sviðslistahátíðinni Spectacular.

„Verkið er kröftugt, flókið, skemmtilegt og tilefni til mikilla heilabrota. Unnið er með margar hugmyndir, margra spurninga spurt, og klisjur eru afbyggðar og settar í ný samhengi. Framsetningin gefur tilefni til ólíkra túlkana en þó má segja að þetta sé dansverk um dans, um hlutverk dansarans, sem og dansverk um afstöðu og viðmót áhorfandans.“

Gefa feðraveldinu fingurinn

Únglingurinn í Reykjavík, dans- og sviðslistahátíð – Hlustunarparty eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og hópinn og Les Coquettes eftir Les Coquettes.

Hátíðin var haldin af Reykjavík Dance Festival og þróuð í samvinnu við listrænt teymi ungmenna á aldrinum 16-25 ára. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði.



Verk nr. 1 „Verkið er kröftugt, flókið, skemmtilegt og tilefni til mikilla heilabrota,“ segir um dansverk Steinunnar. — Ljósmynd/Jónatan Grétarsson



[Smellið til að sjá stærri mynd]

„Tónlist opnar dyr beint að hjartanu og þegar við bætist orka þrjátíu unglinga hrífur „Hlustunartý“ áhorfandann sannarlega með sér í dansi, söng og stuði. Mörkin þurrkast út milli tónlistar og sviðslistar, leikara og unglings að vera hann sjálfur á sviði, skáldskapar og raunveruleika. Það dregur fram samkennd og lætur okkur hugsa um hina innstu mannlegu þörf – að tilheyra...“

Í [Les Coquettes] velta stelpurnar upp spurningum um kynþokka kvenna og bjóða áhorfendum að fara í sjálfsskoðun á eigin fordómum. Þær sviðsetja atriði úr kvikmynd þar sem konur heilla karlmenn, endurtaka og ýkja, og brátt verður það sem þótti eðlilegt í kvikmynd óþægilegt á sviði. Þessar stelpur eru komnar til að taka pláss, vera eins og þær vilja, vera druslur ef þær vilja og dansa eins og þær vilja. Þær lýsa yfir heilögu systralagi og gefa feðraveldinu fingurinn.“

Innsýn í líf ókunnugra

Asparfell eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts, í samvinnu við íbúa við Asparfell í Breiðholti. Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Breiðholt Festival.

„Blokkarpartíið bauð upp á heillandi innsýn í líf ókunnugra, og gestir sáu hvernig persónuleiki íbúanna endurspegladist í eignum þeirra og smekk. Verkið var samfélagsleikhús sem leyfði áhorfendum að hitta fólk í sínu umhverfi, og heyra sögur þeirra. Heyra af hverju þau tóku þátt, hvað þeim liggur á hjarta, hvað hefur reynst þeim erfitt í lífinu og hvað veitir þeim hamingju. Konseptið á sérstaklega vel við þema Listahátíðar í ár, „Heima“. Það er ánægjulegt að Listahátíð standi fyrir svona verkefni, að bjóða allskonar fólki í úthverfum borgarinnar að taka þátt í að skapa upplifun sem byggir á þeirra eigin „heima“.“

Ímyndunaraflinu boðið upp í dans

Óður og Flexa: Rafmagnað ævintýri. Íslenski dansflokkurinn í Borgarleikhúsinu *--**

Eftir Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir. Flytjendur: Hannes Þór Egilsson, Þyri Huld Árnadóttir og Ernesto Camilo Aldazabal Valdes.

„Það er mikið gleðiefni að Íslenski dansflokkurinn sé að framleiða dansverk fyrir börn. Það er mikilvægt að þau fái notið möguleika dans, tækni og leikhústöfra á unga aldri. Ævintýraveröld Óðs og Flexu er grípandi og áhrifamikið verk sem býður ímyndunaraflinu í dans og er vel þess virði að sjá. En það skortir dálítið í persónusköpun, innihaldi og dýpt. Verkið hefur fallegan sjónrænan ramma en vantar meiri kjarna til að umbreyta því úr skemmtisjóvi fyrir skynfærin yfir í myndræna frásögn.“

Tekist á við stórar spurningar

Cock, cock... Who's there? eftir Samira Elagoz. Sýnt á alþjóðlegu sviðslistahátíðinni Spectacular.

„Verkið er einlæg tilraun höfundar til að sviðsetja ferðalag sitt í kjölfarið að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. [...] Áhorfandinn er eina stundina í hláturskasti og aðra í ekkasogum, í verki sem tekst á ögrandi hátt við stóru spurningar okkar tíma um samskipti kynjanna, ást, ofbeldi og framtíðina.“

Nammibúð upplifunarleikhúss

Leitin að tilgangi lífsins. 16 elskendur sýndu á Læknavaktinni fyrrverandi við Smáratorg.

„Verkið er eins og að fara í nammibúð upplifunarleikhúss og gjörningalistar. 16 elskendur hafa skapað sérsniðið ferðalag fyrir hvern þátttakanda til að kynnast sjálfum sér í áskorunum, gjörðum og tilfinningum.“

Frumlegt og óútreiknanlegt

WikiHow to Start a Punk Band, eftir Gígju Jónsdóttur. Sýning á danshátíð Tjarnarbiós, Vorblót.

„Með hjálp áhorfenda reynir Gígja Jónsdóttir að búa til pönkhljómsveit á klukkutíma með aðstoð vefsíðunnar WikiHow. Ótrúlega skemmtilegt, frumlegt og óútreiknanlegt verk sem endurvekur vonina um að allt sé mögulegt með vilja, einlægni og hispursleysi.“

Magnaður kraftur

Útskriftarverk sviðshöfunda 2018, sýnd í Tjarnarbíói og víða.

Alma Mjöll Ólafsdóttir: Femínísk útópía í hversdeginum; Lóa Björk Björnsdóttir: Tími til að segja bless; Hallveig Kristín Eiríksdóttir: Brugðið til beggja vona.

„Upprennandi sviðslistafólk, virðast uppteknar af jafnrétti, umhverfismálum, nýfrjálshyggjuni og hvernig þær geti bjargað heiminum. Það er magnaður kraftur í þeim og voru útskriftarverkin frumleg, ögrandi og hrifandi.“

mbl.is/Árvakur hf. © 2019 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100